- > Að leyfa gæludýr í orlofshúsum og bjóða upp á betri þjónustu þar enda kröfur til slíkra húsa alltaf að aukast.
- > Að mínu mati þarf forysta félagsins að hindrast þá freistingu að vilja sífellt auka umsvif félagsins eins og oft vill gerast með stofnanir og félög. Félagsgjöld hafa hækkað um 20% á þremur árum. Mér þykir, til dæmis, lítið vit í því að greiða fyrir það að mitt stéttarfélag/fagfélag beiti sér fyrir umhverfismálum eða samfélagslegri ábyrgð. Í mínum huga ætti félagið helst að einbeita sér að grundvallarþáttum eins og kjaramálum og sjúkrasjóði. En auðvitað eru væntanlega mismunandi skoðanir á þessu.
- > Bestu óskir um heilladrjúga framtíð
- > Bestu óskir um velgeingni um alla framtíð.
- > Bjóða upp á samlokufundi úti a landi
- > Borið hefur á því að starfsheitið “verkfræðingur” sé misnotað (þ.e.A.S. Fólk titlað verkfræðingar þó það hafi ekki lokið M.Sc. Gráðu). Borið hefur á þessu m.a. hjá verkfræðistofum og þetta má sjá á starfsmannaskrá á heimasíðum nokkura fyrirtækja.
- > Bæta þjónustu varðandi erindi. Hef sent inn erindi í tölvupósti og þeim er ekki svarað fyrr en eftir tvo til þrjá ítrekunarpósta. Virkar oft eins og maður sé að senda pósta inn í svarthol að senda þá inn til ykkar.
- > Ef þið samþykkið [fjarlægt], þá geng ég úr félaginu.
- > Ef þið ætlið að koma með yfirlýsingar á heimasíðu standið þá við þær.
- > Efla kjarasviðið og tengd málefni, þ.m.t. fræðslu og upplýsingar á heimasíðu, o.fl.
- > Efla þarf VFÍ. Félagið þarf að taka þátt í opinberri umræðu um mál sem tengjast fagsviðum félagsins. Efla þarf menntun og endurmenntun verkfræðinga og félagið þarf að koma mikið meira af því. Man ekki eftir neinu í opinberri umræðu þar sem VFÍ hefur komið við sögu í mörg ár. Hef verið félagi í yfir 20 ár og aldrei haft hvata eða ástæðu til að nýta mér þjónustu félagsins. Já frekar neikvætt en félagið er langt því frá nægjanlega metnaðarfullt.
- > Efling verkmenntunar er mikilvægust í menntakerfinu okkar.
- > Eg vil að framlag í sjúkrasjóð minnki í 0.25% og laun hækki um 0.75%. Hætt verði með íþróttastyrki, gleraugnastyrki, getnaðarstyrki og fleira slíkt, en sjúkrasjóður sé notaður sem baktrygging fyrir langtíma veikindum. Það er tímasóun bæði hjá mér og VFÍ að safna og samþykkja nótur til að fá til baka það sem ég ætti að fá beint í launaumslagið.
- > Eigum enn inni leiðréttingu kjaramála, það ætti að þrýsta á stjórnvöld um aukin persónuafsl. Það skapar jöfnuð og mesta kaupauka án verðbólgu að mínu mati.

- > Einbeita sér að kjaramálum. Höfum dregist afturúr.
- > Einhverra hluta vegna hef ég mjög lítið nýtt mér þjónustu vfí, og hef því mjög hófstílltar skoðanir á gagnleika þjónustunnar. Mér finnst samt mjög mikilvægt að félagið sé til og að það sé faglegt og ábyrgt.
- > Einstaka spurningar eru þess eðlis að mér finnst eins og ellilífeyrisþegar séu ekki lengur í vfí.
- > Ekkert
- > Ekki annað en þakklæti fyrir almennt gott starf!
- > Ekkert að svo stöddu
- > Ekkert frekar en það sem komið er fram í könnuninni
- > Ekkert sem ég veit um í augnablikinu. Hef í raun ekki oft samband við VFÍ
- > Ekki gleyma eins og í þessari könnun að það eru ennþá starfandi verkfræðingar á Íslandi með CS próf. Stjórn VFÍ getur ekki bara látið landshlutadeildirnar sjá um og bera ábyrgð á að eitthvað gerist á þeirra svæðum.
- > Ekki láta stóru verkfræðistofunnar stýra ykkur
- > Endurmenntun virðist hafa mikinn fókus á byggimariðnaðinn. Það nýtist ekki öllum. Kjarasamningar á almennum markaði eru mjög veikir og lélegir.
- > Er hugbúnaverkfingur og hef verið í félaginu síðan 2008. Því miður hefur ekkert faglegt erindi verið haldið í félaginu (t.d. Samlokufundir) tengt mínu fagi. Það hefur þá allavega farið fram hjá mér.
- > Er kominn á eftirlaun en held áfram eigin rekstri. Það var lítið fagnaðarefni þegar ég sá upphæðina sem ég á eftir að fá í eftirlaun. Fyrir þá sem á eftir koma vona ég að eftirlaunamálum verkfræðinga verði betur stjórnað í framtíðinni.
- > Erfitt að átta sig á stöðu umsókna í td. Sjúkrasjóð. Gott ef hægt væri að fylgjast með umsóknum á netinu!
- > Erindi mitt til vfí var sent þann 21.Febr. Og hefur ekki enn verið svarað þann 27.Febr. Finnst mér of langur tími. Þess vegna voru svörin við hinum spurningunum ekki rétt þar sem þau eiga ekki við.
- > Farið yfir áunnin réttindi fyrir sameiningu félaga og berið saman við stöðuna eftir sameiningu.
- > Finnst að það mætti vinna sig í áttina að því að hafa sama fyrirkomulag með opinbera og almenna starfsmenn.
- > Finnst verkfræðingar hafa dregist aftur úr öðrum sambærilegum stéttum í launum og vinnuskyldu. Tækni- og verkfræðingar eru nánast á pari launalega þrátt fyrir BS og MS próf. Fyrir ekki svo mörgum áratugum síðan voru verkfræðingar á pari við lækna og lögfræðinga, en sú er raunin ekki í dag. Nýútskrifaðir verkfræðingar (msc) eru ekki að ná í meðallaun og með meira en 40 stunda vinnuviku þegar matartímar hafa verið teknir með í reikninginn. VFÍ þarf að berjast meira fyrir kjörum sinna félagsmanna!
- > Fjölga sumarhúsum
- > Fleiri opnar ráðstefnur og ályktun í lokin um málefnið frá VFÍ. Skoðun VFÍ á mikilsverðum málefnum í þjóðfélaginu sérstaklega þau sem lúta að tækni og vísindum.
- > Fleiri samlokufundir
- > [Nafn starfsmanns fjarlæg] þarf að standa sig í að svara póstum og sinna félagsmannafyrirspurnum, halda þá fundi sem standa upp á [starfsmann]. Óásættanlegt!
- > Frekari starfsmenntun og meiri kynning á hagsmunum og kjaramálum félaganna.. Aukin áhersla á starf og kynningar fyrir eldri félaga.
- > Félagið finnur sér farveg.
- > Félagið hefur að mínu mati og flestra kollega á mínum aldri gleymt sínu helsta hlutverki sem er stéttarfélag.
- > Félagið hefur að mínu mati og flestra kollega á mínum aldri gleymt sínu helsta hlutverki sem er stéttarfélag. Við gerð stofnanasamning nýlega fékkst engin stuðningur frá VFÍ og það var mat nefndarmanna að VFÍ hafi oftast en ekki tekið frekar pólinn með stofnuninni. Kjaradeild VFÍ hvatti m.A. Nefndarmenn að miða sig við slakasta stofnanasamning sem hafði verið gerður frekar en að miða sig við besta samningin. Erfitt var að fá kjaradeild til að hitta nefndarmenn og þegar þau komu þá voru þau ætíð mjög tímabundin.

- > Félagið virðist vera hægt, "hefðbundið" og íhaldssamt og erfitt að fá svör við einföldum spurningum sem því eru send. Hér er tækifæri til að byggja upp öflugt þverfaglegt félag sem tekur þátt í þekkingarmiðlun og uppbyggingu þverfaglegs samtals í lykilmálaflokkum sem verkfræðinni tengjast.
- > Félagið þarf að komast upp úr hjólförum fortíðarinnar og átta sig á því að verkfræðingar gera miklu meira en að byggja hús og hanna virkjanir. Fyrir vikið erum við sem stétt ekki gildandi í umræðunni. Núna er allt á fleygiferð í tengslum við fintech, blockchain og fjórðu iðnbýltinguna en félagið og verkfræðingar almennt eru ekki að leiða þá umræðu, við erum ekki einu sinni þátttakendur í henni.
- > Félagsmenn búsettir úti á landi hafa alls ekki sömu möguleika og þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu til þess að nýta sér viðburði sem félagið stendur fyrir s.s. Samlokufundi eða endurmenntun.
- > Geri athugasemd við punktakerfi orlofssjóðs. Núllpunktur er við eina sumarúthlutun þriðja hvert ár, sem mér finnst frekar lítið.
- > Gott að framkvæma svona kannanir reglulega :)
- > Gott framtak að gera könnun sem þessa. Væri áhugavert að fá kynningu á niðurstöðum og umræður í verktækni og/eða á félagsfundi.
- > Gott væri að vfí væri með samantekt yfir texta verkfræðinga fyrir útselda vinnu aðgengilega fyrir félagsmenn
- > Gæta betur að kjörum okkar á almennum markaði þ.e. Verkfræðistofunum, við höfum dregist afturúr
- > Hafa vakandi auga fyrir hagsmunum stéttarinnar og gera sitt til að þeim verði sem best borgið.
- > Halda félaginu í góðum rekstri sem sameiningartækni tækni - og verkfræðinga
- > Halda áfra góðu starfi...
- > Halda áfram með fundi eldri félaga.
- > Haldið áfram að vera frábær
- > Haldið áfram góðu starfi
- > Haldið áfram góðu starfi
- > Haldið áfram góðu starfi.
- > Haldið áfram ykkar góða starfi
- > Haldið áfram á sömu braut, fjölbreytni í starfinu er nokkuð sem stjórnin getur verið stolt af.
- > Haldið áfram á þessari braut
- > Hef ekki nýtt mér orlofshús síðustu ár, því framsetning og íslykisnálgun hentar ekki - mætti endurskoða að ósekju
- > Hef verið búsettur í danmörku síðan 1999. Gæti skekkt niðurstöðuna. Er í félagi verkfræðinga í danmörku.
- > Hefur löngum þótt mikil byggingarverkfræði slagsíða á viðburðum á vegum félagsins. Hefur eitthvað lagast í seinni tíð.
- > Hefði viljað að félagið hétu verktæknifélag Íslands. (Vtfí)
- > Heimasíða VFÍ mætti vera aðgengilegri, og t.d. á ég alltaf í erfiðleikum með að finna skjalið sem sýnir hvaða styrki maður getur sótt um. Almennt mætti síðan vera aðgengilegri og þægilegri. Vil koma á framfæri hrósi fyrir góða þjónustu og ráðgjöf þegar maður hringir eða skrifar tölvupóst.
- > Hrósi fyrir að standa fyrir þessarri könnun!
- > Hugrekki og djörfung
- > Hugsíð um hag allra félagsmanna.
- > Hvað með hugbúnaðarverkfræðingana?
- > Hvernig stendur á því að fulltrúar vfí hafa lítið eða ekki komið fram í fjölmiðlum? Ástæðan er trúlega að félagið er ekki nægilega sýnilegt eða virkt í að koma af stað faglegri umræðu um hin ýmsu mál hvort sem þau hafa lent ofan í skotgröfunum eða ekki. Stjórnin þarf því klárlega að bretta upp ermar!
- > Hvernig var gengið frá uppgjöri vfi og tfi varðandi verkfræðingahúsið. Hver á húsið 😊

- > Hvet stjórnina áfram til góðra verka. Hef ekki þurft að reiða mig á neinn beinan stuðning frá félaginu þar sem ég hef verið minn eigin herra megnið af mínum starfstíma. Sá dagur kemur eflaust að ég nýti mér það sem VFÍ getur boðið.
- > Hækka þakið á sjúkrasjóðnum. Fljótt að fara ef maður notar það til niðurgreiðslu á ræktarkorti, þá er ekki sérlega mikið eftir í annað.
- > Hækkum fæðingarorlofsdagpeninga!
- > Hækkun launa
- > Hækkun á grunnlaunum
- > Hætta að prenta út tímarit, gefa út vefútgáfur sendar í tölvupósti út frá umhverfissjónarmiðum.
- > Hættið þessari langloku með kjaramál. Þið þurfið ekkert að þvæla þessu svona eins og þið gerið. Einföldun - gerið könnun á dagvinnu eingöngu eftir aldri, starfsaldri, útskriftarári og starfsgrein. Við eigum að geta lifað á dagvinnunni, eftirvinna er bara gamaldags.
- > Jafna kjör aðildameðlimum vfí milli allra samnings aðila
- > Já.. Félgid verður að vera félagsmönnum sýnilegra. Þetta hefur ekkert með það ágæta fólk að gera sem sarfa hjá félaginu, stjórn þess þarf að girða sig í brók, vera gera félagið félagsmönnum sýnilegt og félag okkar allra.
- > Jákvætt að hafa starfsmenntunarsjóð. Gott að fá hvatningu til endurmenntunar.
- > Kanna möguleika á sameiningu við arkitekta og byggingafræðinga
- > Kannski bara að reyna ekki að reka félagið sem stéttarfélag - þá væri ég löngu hættur í því.
- > Kemur annarsstaðar fram í könnuninni.
- > Kjaramál skipta miklu máli. Við gerð stofnanasamninga og vandamál innan stofnana verður að vera hægt að reiða sig á aðstoð frá félaginu. Það er ekki sú tilfinning sem maður fær að þar sé áhugi eða nægur mannskapur til að sinna þessum málaflokki. Þegar rættur um að fá utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf færist félagið undan en viðurkennir samt að það vanti mannskap. Þetta er stéttarfélag og á að haga sér sem slíkt.
- > Kjaramál verkfræðinga mættu vera sýnilegri og baráttan fyrir þeim má vera kraftmikil
- > Kjaramál. Gera kröfur á fyrirtæki að tímaskráning taki sjálfvirkt tillit til hvíldarákvæða og annarra tengra mála. Slysa- og bótaréttur verði launþegum gagnsér. Tryggingamál séu skýr.
- > Kærar þakkir fyrir vel rekið félag sem er sýnilegt og sinnir sínum félagsmönnum vel. Ég er stoltur af því að vera félagi.
- > Könnun sem þessi á almennt ekki við um félagsmenn sem eru komnir á eftirlaunaaldur. Það vantar í spurningarnar " Á ekki við"
- > Könnun á óútskýrðum launamuni kynjanna í stéttinni.
- > Könnunin tók 10 mínútur ekki 5, eins og "logið" var. En þetta er eins mætti vænta. Enda vandi ég mig þínu.
- > Laga heimasíðuna, svarið erindum betur. Þá vantar sjálfvirka svörun að erindi hafi borist.
- > Laga heimasíðuna. Senda kvittun rafrænt þegar sótt er um styrki. Fólk er að lenda í allskonar vitleysu og telur sig hafa sent inn umsóknir sem fara svo ekki í gegn af ýmsum ástæðum.
- > Leggja áherslu á kynningu á mikilvægi tæknimenntunar
- > Lyktar alltof mikið af einhverjum klúbbi sem gerir ekkert annað en að verðlauna hver annan fyrir hitt og þetta
- > Megið gera betur varðandi afsláttarmiða t.D hjá flugfélagunum. Til samanburðar þá geta hjúkkrur keypt gjafabréf hjá wow/icelandair fyrir ca 16.000 og fá 30.000 kr gjafabréf. Hjá VFÍ er 27.000 fyrir 30.000. Hlægillegt.
- > Mikið í mun að tekið verði á vandamáli tengdu skorti á tæknifræðingum í framtíðinni. Sé ekki nægilega endurnýjun á því sviði ! sjá tillögu um að breyta orðinu tæknifræði í verkfræði sbr. Erlendri notkun á engineering . er eitthvað sem mælir gegn því að kalla tæknifræði hagnýta verkfræði ?

- > Mun betur er staðið að úthlutunum úr sjóðum en áður var. Kynning er lítil á því hverjir möguleikar félaga eru nema félagar láti sér sjálfir detta í hug hvað gæti verið til að leita eftir og kynni sér. Hafi menn hugmynd um hvað gæti verið er spurningum vel tekið á skrifstofu félagsins og alls ekki undan því að kvarta, nema síður sé. Þar virðis nú meiri þekking og markvissari en áður var. væntanlega stendur ríkisstarfsmönnum mest til boða.
- > Mælingar á viðburðum væri gott, t.d. hve margir eru að mæta, kk vs kvk, aldur o.s.frv.
- > Mætti endurvekja síldarkvöld sem TFÍ var með á haustin
- > Mætti hafa eitthvað af fyrirlestrum á landsbyggðinni.
- > Mættu vera fleiri viðburðir á landsbyggðinni.
- > Mættuð mjög gjarnan setja á heimasíðuna ykkar skilagrein á pdf sem væri með innsláttar formi, þannig að hægt væri að fylla hana út á tölvutæku í stað þess að þurfa að handskrifa hana. Væri mikil bót fyrir okkur litlu kallana sem ekki eru með launakerfi.
- > Mér finnst alveg til fyrirmyndar það sem félagið býður upp á fyrir félagsmenn eldri en 50 ára. Hef nýtt mér það og hefur komið sér mjög vel.
- > Mér finnst að rödd nýsköpunar mætti vera hærrí innan vfí.
- > Mér finnst vanta að meira sé gert fyrir verkfr á almennum markaði kjara lega viðmiðunarlaunataflan var gott gagn til að sækja launahækkunarir
- > Mér finnst VFÍ eigi að vera sterkt stéttarfélag sem býður betri kjör fyrir félaga en önnur stéttafélög. Finnst að stjórn VFÍ eigi að vera beittari í samfélagsumræðu er varðar raungreina menntun á Íslandi. Mér finnst að stjórn VFÍ ætti að beita sér fyrir því að lífsverk bjóði upp á betri lánskjör en þeir gera í dag fyrir sjóðsfélaga.
- > Mér finnst ég fá lítið fyrir félagsgjaldið. Áhersla á kjaramál hefur minnkað og umsvif félagsins við eitthvað sem ætti að skipta minna máli en kjör félagsmanna hafa aukist. Ég var áður í stéttarfélagi verkfræðinga og þótti hag mínum betur borgið þar, án aðildar að VFÍ.
- > Möguleikar til skoðanaskipta við aðra verkfræðinga þurfa að felast.
- > Niðurgreiðsla fargjalda í innanlandsflugi fyrir félagsmenn til jafns við önnur félög.
- > Næstum allir viðburður vfí sem og útgáfa fjalla um byggingar og framkvæmdir. Fæstir verkfræðingar vinna við þetta og því missir þetta algjörlega marks. Sama á við um endurmenntun. Vantar umfjöllun um tölvur, rekstur og stjórnun. Ég giska td á að fleiri verkfræðingar vinni við scrum eða lean heldur en burðarvirki eða fráveitu - en hvar er VFÍ???
- > Orlofs hús
- > Orlofshús á akureyri og reykjavík eru of fá. En ánægður með mótelmiðana.
- > Orlofssjóður ætti vera aðgengilegur fyrir alla félagsmenn út frá herra iðngjaldi. Ekki bara ríkis- og borgarstarfsmenn og þá sem greiða sérstaklega.
- > Passa uppá sjúkrasjóðinn. Beita sér fyrir umbótum á fæðingarorlofskerfinu, þetta er einn stærsti orsakavaldur launamistræmi kynjanna. Virkja félagsmenn (sérstaklega karla) í að berjast fyrir auknum réttindum í þessum málum.
- > Passa þarf vel að félagið verði ekki bara yfirborðskennt og fjarlægt félagsmönnum
- > Rafrænt aðgengi að stöðu sjóða.
- > Reynið nú að þjónusta ykkar fólk betur
- > Ræða sjávarborðshækkunina!
- > Rýni verka er nauðsyn. Rýniferðir eru það líka.
- > Sama stétt í sama félagi

- > Samskipti mín við VFÍ hafa að mestu leyti verið mjög góð. Hins vegar situr í mér þegar ég hafði samband við félagið áður en dóttir mín fæddist (hún er rúmlega 3 ára í dag) og var að leita upplýsinga um réttindi mín í fæðingarorlofi. Þannig hagar til að ég hef unnið hjá sama vinnuveitanda frá því fyrir aldamót og spurði því út í rétt minn skv. Grein 5.3.2 (fæðingarorlof) í samningi við FRV. Þá var mér tilkynnt af þeim sem ég talaði við (þessi starfsmaður er mér vitanlega ekki lengur starfandi hjá VFÍ) að ég hefði engan rétt og viðkomandi starfsmaður sýndi af sér, að mínu mati, hroka og dónaskap við að koma þeim skilaboðum til mín. Það skal tekið fram að ég er ekki móðir, heldur faðir, en mér finnst það ekki afsaka það viðmót sem ég fékk. Þessi framkoma finnst mér satt að segja fyrir neðan allar hellur og hefur setið í mér síðan og litað viðhorf mitt til félagsins. Ég hef ekki komið þessu á framfæri til félagsins fyrr en núna. Ég vona að það viðmót sem ég fékk í þetta skipti sé undantekning þegar félagsmenn eru að spyrja út í rétt sinn.
- > Selja orlofshús og hætta að gefa út efni á pappír
- > Sendi baráttukveðjur til stjórnar í að gera gott félag enn betra.
- > Setja á laggirnar "ársþing vfí" sem sameinar dag verkfræðinnar, aðalfund, fyrirlestra, kynningu á skólunum, kynningu á fyrirtækjum sem sinna störfum tengdum verk- og tæknifræði o.fl. o.fl.
- > Sigrún S. Hafstein stendur alltaf fyrir sínu. :)
- > Sjúkrasjóðurinn er eina ástæða þess að ég er í félaginu. Önnur þjónusta sem ég hef reint að sækja hefur skilað litlu/engu. Beiðnir um aðstoð lögfræðings skilaði engu\ - koma hækkunum inni kjarasamning skilaði engu - umsóknir í endurmentunarsjóð skilaði engu (vegna seinagangs í að opna fyrir umsóknir) - orlofsréttur sem safnað var upp fyrir sameingu varð að engu og ég þarf að safna upp fullum réttindum hjá VFI
- > Skipta félaginu aftur upp í VFÍ og TFÍ
- > Skipta um nafn á félaginu
- > Skoða afnám löggildingar titils verkfræðingur, ekki vandamál í enski tungu.
- > Skoða hvers vegna lögfræðingar hafa mun hærra texta en taxtar frv þrátt fyrir offramboð lögfræðinga. Læra hvað þeir eru að gera rétt. Það er skortur á verkfræðingum sem samt halda áfram að undirbjóða hvorn annan.
- > Standa betur að ráðgjöf er varða kjaramál. Fagleg meðhöndlun erinda s.s. vegna ráðgjafar og útgreiðslu úr sjúkrasjóð, gera erindið rekjanlegt og úrvinnslu sýnilega fyrir félagsmenn
- > Standa í lappirnar við gerð kjarasamninga við ríkið.
- > Starfsemi félagsins virðist í of miklum mæli snúast um bókhald. Þ.e. skráningu tekna í rétta sjóði og utanumhald félagatals sem sést m.s. í einsleitni í hæfni starfsfólks. Það öflugra starf sem var í SV virðist hafa horfið við sameignina við VFÍ sem var deyjandi félag. Það verður að efla faglegt starf á öðrum sviðum en byggingum og rafmagni. Í SV var einn starfsmaður með öflugri sjálfboðaliðastarfi sem var verðlaunað með hákarli. Andinn í starfinu var annar en ég upplifi í status quo starfi VFÍ í dag. Stór hluti verkfræðinga vinnur t.d. við stjórnun. Það má efna til samstarfs við félög eins og stjórnvísir, VSF, ský og dokkuna ef getuna skortir hjá VFÍ. Félagið verður að rífa sig upp úr þeirri lognmollu sem það er í. Sjálfvirknivæðið bókhaldið eða útvistið og ráðið fólk sem getur haldið úti öflugri starfsemi eða ræður við að virkja félagsmenn.
- > Stjórn VFÍ hefði átt að kynna sér mun sanngjarnari kjör sjúkrasjóðs TFÍ þegar kemur að aðgerðum. Skil ekki að sjóðurinn niðurgreið að fullu lýtaaðgerðir eins og leyser aðgerðir á sjón sem er alla jafnan óþörf aðgerð. En ef þú þarft að láta laga í þér tennur fyrir hundruðir þúsunda þá, getur sjóðurinn einungis endurgreitt það sem safnað hefur verið upp mínus það sem notað hefur verið í líkamsrækt síðustu 3 árin. Ef fólk þarf ódýrar tannlæknaaðgerðir þá er hugsanlegt að sjóðurinn nái yfir það, en ef dýrar tannlæknaaðgerðir þarf að framkvæma eins og að setja upp stoðtennur og þessháttar þá er jafnvel ekki til króna í sjóðnum ef menn stunda líkamsrækt. Þetta var endurgreitt hjá TFÍ þar sem smávægilegar tannaðgerðir snert alla jafnan ekki við fjárhagi fólks voru ekki endurgreiddar, en dýrari tannaðgerðir voru endurgreiddar upp að 400þ krónum. Eins og kerfið er sett upp hjá TFÍ þá eru smáaðgerðir að fullu endurgreiddar (enda skipta þær fjárhag fólks engu máli) en dýrar en nauðsynlegar aðgerðir ekki endurgreiddar (þar sem ekki borgar sig að hafa einhverja samtryggingu skv. Stjórn sjúkrasjóðs.)

- > Starfsemi og fjöldi starfsmanna ætti að halda í lágmarki
- > Starfsfólk til fyrirmyndar
- > Straumlínulaga ferla varðandi upplýsingagjöf, umsóknir og úrvinnslu í sjóðum á vegum vfí. Félagsmenn í VR fá þessar umsóknir afgreiddar hratt og vel - fólk mun skipta yfir ef þið takið ekki á þessum málum. Erfitt að finna efni á nýju heimasíðunni. Viðburðir og tölvupóstar frá VFÍ heyra mun meira til eldri kynslóðarinnar heldur en yngri. Gætuð mögulega bætt úr því með því að yngja upp stjórnarmeðlimi.
- > Stunda fagleg verkfræðileg vinnubrögð, nú sem endranær.
- > Stytting vinnuvikunnar
- > Styð eindregið að deild innan VFÍ fyrir eldri félaga verði stofnuð. Nýta þekkingu og kunnáttu eldri félaga til góðs fyrir þjóðfélagið.
- > Stórauka þarf þáttöku verkfræðinga í almennri umræðu um verkframkvæmdir sérstaklega þar fað auka upplýsingaflæði til almennings um virkjanir og flutningskerfi til mótvægis við þann stórlega gallaða málfutning landverndar sem er oft á tíðum ósannar og mjög villandi. Framkoma landverndar í sínum kærufærlum er líkjast oft á tíðum vinnuaðferðum hriðjuverkamanna, hræða og endurtaka nógu og oft ósannindin. Þessar framkvæmdir eru mikið hagsmunsmál verkfræðinnar og í það minnsta mikilvægt að réttar upplýsingar sé komið á framfæri. Ég tel að VFI ætti að standa fyrir stofnun hlutlausrar akademíu sem getur tekið fyrir álitamál í verklegum framkvæmdum og gefið hlutlaust mat á málum.
- > Sú þjónusta sem ég hef nýtt mér og fengið góða þjónustu með er sjúkrasjóðurinn og langar mig að hrósa vfi fyrir skýran vef. Þær ábendingar sem ég hef um bættu þjónustuna eru eftirfarandi: - kjarakönnunin og samanburðurinn er mjög mikilvægur þáttur félagsins, en eins og ég hef bent á í 2 ár, að þá myndi könnunin nýtast millistjórnenum mun betur ef gerður er skýr greinarmunur milli millistjórnenda (leveli fyrir ofan verkefnastjóra) og æðstu stjórnenda. Þegar skoðar eru meðallaunatölur stjórnenda getur verið himin og haf milli launa deildarstjóra og forstjóra td og erfitt er fyrir deildarstjóra að fara með tölurnar til vinnuveitenda og krefjast svipaðra launa. - í þessari könnun er spurt um hvort ég hafi nýtt mér starfsmenntunarsjóðinn fyrir almennan markað. Ef ég skil textann á síðu VFI rétt að þá er ekki enn byrjað að úthluta úr þeim sjóði, aðeins fyrir starfsmenn sem vinna hjá ríki, borg eða sveitarfélagi (og hálfopinberum fyrirtækjum) - ég myndi vilja sjá virkari umræðu/tilkynningar á síðu VFI um hvað stéttarfélagið að gera til að vinna í kjaramálum verkfræðinga. Maður hefur það á tilfinningunni að ekki sé verið að berjast fyrir neinum kjararéttindum innan td SA heldur fljóta bara með. - ég myndi vilja sjá samaburð á því að vera aðildafélagi í stéttarfélagi verkfræðinga og VR (því stéttarfélagi sem mörg fyrirtæki
- > Sýnileiki í þjóðfélagsumræðu með fagleg innlegg með hagkvæmni og langtíma sjónarmið. Má nefna staðsetning landspítala, samgöngumál höfuðborgar svæðis, orkuskipti samgöngu tækja o.s.frv.
- > Taka til athugunar nauðsyn á sjóðum sem félagið heldur utan um og réttmæti úthlutunar á fjármagni úr þeim.
- > Takk
- > Takk :-)
- > Takk fyrir að gera góða hluti. Stefnið á enn betri framtíð.
- > Takk fyrir að láta gera svona könnun. Það sýnir að ykkur er ekki sama.
- > Takk fyrir að standa að þessari könnun
- > Takk fyrir að standa við bakið á okkur :)
- > Takk fyrir að vera málsvarar stéttarinnar!
- > Takk fyrir frábær störf
- > Takk fyrir ágæta samvinnu.
- > Takk fyrir þessa könnun, hún er ágæt og viðheldur samskiptum á milli félagsins og félagsmanna.
- > Takk fyrir að leggja ykkar að mörkum
- > Takk fyriri mig.

- > Tekur langan tíma að svara fyrirspurnum. Eins og menn séu frekar sofani á verðinum
- > Tengja betur félaga á landsbyggðinni.
- > Umsóknarferlið inn í félagið mætti vera einfaldara og fljótlegra. Maður þurfti að ganga á eftir því að umsóknin yrði tekin fyrir hjá stjórninni og svo fékk maður engar upplýsingar um stöðu mála. Ég held að það hafi tekið mig rúmmlega 6 mánuði að verða fulgildur félagsmaður en samt er maður látinn borga félagsgjöld frá því að maður sendir inn umsóknina, frekar spes
- > Uppröðun svarmöguleika er í öfuguri röð
- > Var ósátt með hversu erfitt var að leita aðstoðar vegna launamála. Ég taldi minn vinnuveitanda hafa svikið mig í launamálum og reyndi að leita til félagsins. Þetta var fyrir meira en 12 mánuðum en ég er enn "brennd" af lélegri (jahh eiginlega bara engri) þjónustu
- > Vera meira sýnileg!
- > Vera áfram öflugur málssvari verk- og tæknifræðinga á Íslandi
- > Verk- og tæknifræðingar hafa dregist aftur úr í launaskriði síðustu missera, og mér finnst það verkefni nr.1 að rétta okkar hlut. Eins og staðan er í dag borgar það sig engan veginn fjárhagslega (með vinnutapi og námslánum) að bæta við sig verk- eða tæknifræðimenntun ef þú ert t.d. með iðnmenntun fyrir. Launamunurinn er orðinn mjög lítill.
- > Verkfræðingafélagið á að skamma stjórnsmálmenntun og stjórnvöld og stjórnendur reykjavíkur borgar vegna algjörðs sinnu leysis í samgöngumálum. Vfí á að skamma forráðamenn vegagerðar rkisins fyrir að láta ekki heyra í sér varðandi bættar samgöngur og vegagerð á Íslandi. Þetta er steindautt lið hjá vegagerðinni að öskra ekki á peninga til vegagerðar. Það er ekkert í gangi neins staðar þó verið sé að gera ein jarðgöng
- > VFI should be more active in norðurland eystra
- > VFÍ ætti að hafa til að bera þá sómakennd að sýna eldri félagsmönnum þá lágmarks virðingu og þakklæti fyrir ævistuðninginn, að alveg óháð greiðslujöfnuði yfir starfsævina, njóti þeir sem komast á eftirlaun orlofshúsaréttinda út ævina, þótt þeir hætti að greiða í lífeyrissjóð. Þetta gera ýmis önnur stéttarfélög, hvers vegna ekki VFÍ?
- > Vfí þarf að eiga orlofsíbúðir í rvk til jafns við önnur stéttarfélög
- > Vil ekki borga fyrir íþróttir, gleraugu eða tannviðgerðir annarra. Slík skattheimta af mér sem félagsmanni ætti ekki líðast.
- > Vinna að aukinni viðurkenningu á mikilvægi tæknigreina í samfélagi nútímans. Tækni er ekki dægurfluga og því þarf að sinna henni ekki bara þeirri hlið sem er efst á vinsældalistanum á hverjum tíma.
- > Vinna að aðskilnaði verkfræðinga og annarra í núverandi félagi. Eða að vinna að nýju verkfræðingafélagi, ef ekki tekst að bjarga gamla félaginu.
- > Vinna að sameiningu verkfræðináms í hi og hr. Það myndi efla nám í verkfræði og tæknifræði. Samkeppni okkar er við erlenda skóla, Ísland og lítið fyrir tvo tæknihaskóla. Skiptir ekki öllu máli hvort verkfræðin verði kennd við HI eða HR - öllu máli skiptir að það sé kennt á einum öflugum stað.
- > Vinna gegn launasamráði milli stærstu verkfræðistofana - hvetja meðlimi til að skipta um starf oft til að fá hreyfingu á vinnumarkaðinn –
- > Við næstu kjarasamninga að hafa bein í nefinu. Útrýma öllu í kjarasamningnum þar sem sumir hafa ákveðin réttindi en ekki allir. Fá desemberuppbót ein af fáum stéttum sem ekki er með desemberuppbót, hvað er það? Félagið á ekki virka best fyrir gamla kalla heldur jafnvel fyrir alla!
- > Við þurfum að finna leiðir til að vekja meiri áhuga á raungreinum frá og með menntaskóla árum á nýjum kynslóðum. Ég á foreldrar sem kenna í raungreinum bæði á mennta- og háskólastigi. Það virðist vera að námsefnið er að léttast undanfarið ár vegna þess að nemendur ráða ekki við það. Það er verið að hugsa um fjölda útskrifaða nemenda en ekki gæði/hæfni fólks sem er að útskrifast, og það virðist, því miður, að við erum ekki ennþá búin að ná botnin. Við viljum ekki enda með því, til dæmis, að vanhæft fólk sé að hanna brýr og annað slíkt.

- > Viðtals tíma við sérfróðan aðila um ólík málefni verkfræðingafélagsins.
- > Væri gott ef það væri kjararáð fyrir almenna markaðin eins og er fyrir verkfræðinga á verkfræðistofunum og ríki og sveitafélög.
- > Væri sniðugt að hafa aldur og kyn í könnuninni til þess að hægt sé að lesa í tölfræði.
- > Vísu í fyrri svör.
- > Á að láta almenningsálitnið vera "jarðvöðlar" og "verkfræðingastóð" eða á að gera eitthvað í því?
- > Áfram veginn!
- > Áfram vfí.
- > Áfram á sömu braut, en með aukna áherslu á það sem ég hef merkt við hér á undan
- > Ég er aðeins félagi í VFÍ. Hef ekki verið félagi í stéttarfélagi verkfræðinga. Var félagi í FRV frá 1977 fæ þar af leiðandi enga þjónustu frá sjúkra-, styrktar-, starfsmenntunar- eða orlofssjóðum
- > Ég hef ekki fengið að vera í orlofssjóði né sjúkrasjóði, þar sem ég borga sjálfur gjöldin við að vera félagi í vfí. Hef ekki fengið að greiða í sjóðina.
- > Ég hef mætt á fundi s.s. aðalfund og kom mér mikið á óvart hversu léleg mæting er á þessum fundum nánast eingöngu það fólk sem er í stjórnnum og ráðum félagsins. Mætti finna leið til að fá almenna félagsmenn til að mæta og hafa áhrif??
- > Ég skil ekki hvers vegna vfí er að tvískipta sjóðum sínum þannig að hið opinbera er með sjóð og svo hinn almenni vinnumarkaður. Einnig skil ég ekki afhverju félagsmenn hafa ekki sömu réttindi eftir því hvar þeir vinna. Svólítið eins og mismuna fólki eftir búsetu. Væri eki betra að hafa einn stærri og sterkari sjóð sem allir félagsmenn kæmu að .
- > Ég væri til í að sjá í kjaratengdum könnunum fleiri/betri hópun á starfsheitum. t.d er ekkert talað um samgöngur, t.d væri icelandair þar inni.
- > Óska félaginu alls góðs.
- > Óska félaginu góðs gengis á komandi árum.
- > Óskir um gífturík störf í þágu félagsmanna.
- > Óttast að vfí sinni ekki þeim málefnum sem nauðsynlegt er að stéttarfélög sinni, of mikil áhersla er á verkfræðingafélagið. Það er mikil óánægja með það að þessu félög skulu hafa verið sameinuð.
- > Öflugri kjarasamninga við almenna markaðinn.
- > Þakka félagi og stjórn fyrir góð störf.
- > Þakka hversu vel þau kynna sér málin áður en þau gefa lokasvar við beiðnum sem hafa ekki komið inn á borð áður. Fá hæstu einkunn fyrir það frá mér.
- > Þakklæti fyrir farinn veg, goða þjónustu og samskipti.
- > Þakklæti.
- > Þar sem félagið stóð ekki vörð um nafnið "tækniskóli" og það hefur verið gjaldfelld þá þarf að taka á því hvort að heiti tæknifræðinga eigi að breytast í bs verkfræðingar eða eitthvað annað. Hvað eru þeir sem útskrifast frá "tækniskólanum" í dag kallaðir. Hvernig stóð á því að félagið mótmæltu ekki þegar iðnskólinn tók upp þetta nafn þar sem heitið "tæknifræðingur" er lögvendað. Tek það fram að ég vil áfram nota nafnið tæknifræðingur þar sem mér finnst það bæði fallelgra og virðulegra en verkfræðingur (s.b. Verktaki, verkamaður...).
- > Þarft að skoða úthlutun úr orlofssjóði og taka ekki punkta á veturna
- > Það er erifitt að ná í starfsmanninn sem sér um kjaramál, etv mætti bæta við starfsmanni í þann málaflokk.
- > Það er lítið varið í tímarit sem aðeins er með ritrýndum vísindagreinum sem yfirleitt eiga aðeins erindi til mjög þröngs hóps. Tímarit með almennum fróðleik, fréttum og upplýsingum um tæknileg málefni, tæknilegar framkvæmdir og félagsmál VFÍ er það sem vantar.
- > Það er mikilvægt að koma faglegri umræðu betur inn í þjóðfélagsumræðuna, þar sem sleggjudómar og einföldun hlutanna taka allt of mikið pláss.

- > Það er mjög mikilvægt að kjaralegir hagsmunir stéttarinnar séu varðir. Einnig er mikilvægt að félagið standi fyrir fræðslufundum eins og samlokufundum og fari í ferðir eins og byggingaverkfræðideildin hefur gert á liðnum árum.
- > Það er mjög skrýtið að geta ekki fengið svör um það fyrirfram hvort eitthvað tiltekið námskeið eða nám sé styrkhæft hjá starfsmenntunarsjóði og vísindasjóði. Það hvort maður fær styrk eða ekki getur verið forsenda fyrir því hvort maður getur sótt tiltekna endurmenntun sem getur kostað háar fjárhæðir og fælir mann þá frekar frá því ef maður veit ekki fyrirfram hvort maður fær styrkinn. Ég fæ það á tilfinninguna að styrkveitingar úr þessum sjóðum séu bara eftir einhverri hentisemi stjórnar sjóðsins. Mér finnst líka að sá aðili sem svarar til um kjaramál sé ekki nógu vel að sér og geti ekki svarað spurningum um kjaramál með fullnægjandi hætti. Að lokum, eru meðlimir sjóðsstjórna á launum hjá VFÍ?
- > Það má gjarnan hafa viðfangsefni viðburða líka tengd fjármála- og rekstrarverkfræði, mér finnst þetta oft mjög mikið miðað að byggingaverkfræðingum.
- > Það má huga betur að hag og réttindum verkfræðinga. Verkamenn á mínum vinnustað eru í miklu betri stöðu því þeirra stéttarfélag (efling o.fl.) Hugar mun betur að þeim og passar að á þeim sé ekki brotið. Margir verkfræðingar eru á föstu mánaðarkaupi og engin yfirvinna greidd. Það skitpir því ekki máli hvort unnið sé 160 eða 300 stundir.
- > Það mætti fjölga orlofshúsunum
- > Það mætti vera meira aðgengi að upptökum frá viðburðum
- > Það mættu vera meiri athygli á aðrar greinar en þær sem tengjast byggingariðnaði og mannvirkjagerð.
- > Það sem kom fram fyrr í könnuninni: það þarf að vera hægt að bjóða upp á streymi (sem virkar) á samlokufundi og aðra viðburði fyrir þá sem eru utan reykjavíkursvæðisins. Tæknilega séð ætti það ekki að vera mikið mál. Það er jákvætt að félagsmönnum sé boðið upp á heilsufarstékk, eins og ristil- og hjartaskoðun, en þessi valkostur þarf líka að vera í boði í heimabyggð þar sem þessi þjónusta er í boði (t.d. Á Akureyri). Félagsmenn á landsbyggðinni fara ekki suður í ristilspeglun, það er of mikið mál. Varðandi orlofssjóðinn, þá er mikilvægt að bjóða upp á íbúðir í reykjavík fyrir félagsmenn af landsbyggðinni.
- > Það sem ég hef áður nefnt um starfsemina
- > Það vantar að upplýsa félagsmen hvenær borist greiðsla þegar er sótt um líkamstyrk og annað. T.d. í dag 27.2. hefur ekki ennþá borist greiðsla þegar var sótt um líkamstyrk og meira fyrir ár 2017 í byrjun desember.
- > Það vantar orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu
- > Það væri gott að geta fylgst með stöðu umsókna í sjúkrasjóð, maður sendir inn umsókn sem hverfur í kosmósið og ekkert hægt að fylgjast með stöðunni. \Nvarðandi orlofssjóð þá finnst mér slæmt að það sé bara hægt að velja heila viku, mér fyndist miklu betra að geta valið nokkra daga í einu, nýtingin gæti orðið betri fyrir vikið. Þá finnst mér umsóknarfrestur fyrir sumar- og páskaúthlutun vera allt of seint.
- > Það væri gott að hafa aðgang að félagsráðgjafa til aðstoðar við umsóknir og réttindi
- > Það væri áhugavert að sjá betri þátttöku VFÍ innan fyrirtækja. Þá á ég til dæmis við í stórum fyrirtækjum þar sem eru margir starfandi verkfræðingar. Það væri flott ef VFÍ myndi beita sér betur fyrir þeirra réttindum. Hafa til dæmis fundi með verkfræðingum fyrirtækisins og ræða kjaramál og stöðu þeirra.
- > Það þarf að eyða þeirri mítu hjá stjórnendum að kjarakönnun vfí sé eitur og hættulegt að skoða þegar maður semur um laun sín.
- > Það þarf að leggja meiri áherslu á þau straumhvörf sem eru að verða í tæknigreinum, sjálfvirknivæðing, iot, machine learning og svo hugtök eins og samfélagsleg ábyrgð í víðum skilningi. Hættum að eyða tímanum í umræðu um hvort orðið drengskapur eigi að vera í lögum félagsins og setjum tímann í það sem skiptir máli. Mér fannst núvitundarfyrirlesturinn dæmi um nýja umræðu sem er þörf - áherslan hefur að mínu mati verið of mikil á mannvirkjagerð en verk- og tækifræði er svo miklu meira.
- > Það þarf að selja mun betur hlutverk og ásýnd verkfræðingsins. Því miður ganga margir að stéttinni sem gefinni en endurnýjun er ekki mikil. Því miður eru margir í stéttinni sem gangast upp í þumbara og þverhauða ásýndinni. Alltof lítið er leitað til verkfræðinga um skoðanir á áskorunum samfélagsins og allt of lítið um verkfræðinga í stjórnunarstöðum.

- > Það þarf að vera sýnilegara að félagið er bæði félag verkfræðinga og tæknifræðinga. Ekki bara verkfræðinga.
- > Þegar sótt er um í sjúkrasjóð og umsókn fer ekki í gegn (af tæknilegum ástæðum) þá þarf að umsækjandi að fá upplýsingar um það. Einnig að bjóða upp á csc í verkfræði sem hæstu menntunargráðu í spurningarkönnun sem þessari.
- > Þetta bull er endemis tímaeyðsla.
- > Þið ættuð að hætta að troða í ykkur samlokum á kostnað landsbyggðarinnar.
- > Þið þurfið að búa til nýjan hóp innan ykkar félagsmanna sem nær yfir verk- og tæknifræðinga sem starfa hjá flugfélögum. Það er ákaflega erfitt að staðsetja sig í kjarakönnunum þegar við erum að reyna að svara könnunni og líka að bera sig saman við aðra kollega. Það eru til flokkar fyrir orkufyrirtæki, verslunar- og þjónustufyrirtæki, iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki. Fjarskipta fyrirtæki svöruðu 9 manns í síðustu könnun fyrir tæknifræðinga. Það eru miklu fleiri verk og tæknifræðingar sem vinna hjá flugfélögum á Íslandi.
- > Þjónustulund má bæta
- > Þjóðmáol að vissu marki t.d. koama inn meðgreinargerðir um umdeild mál, unnar að reyndum mönnum og yfirlesnar
- > Ætli ég hafi nú ekki sagt nóg nú þegar. Leggið meiri áherslu á að hjálpa til við að toga laun félagsmanna upp. Við þurfum að standa okkur miklu betur í að gera okkur gilda - eins og aðrar stéttir hafa verið að gera. Það er mín tilfinning að við höfum setið algjörlega eftir. Hvernig væri t.D. Að kalla inn trúnaðarmenn og gefa þeim RAUNVERULEGAR leiðbeiningar varðandi hvernig standa eigi að því að hækka launin í þessu "árlega" launaviðtali. Einnig væri t.d. gott ef þeir er sjá um launamálin hefðu samband við félagsmenn og biðu fram aðstoð - halda kynngar á vinnustöðum hvað félagið stendur fyrir og hvaða þjónusta er í boði - hvað er verið að gera.

Opnir svarmöguleikar



- > Að verkfræðingar séu ekki taldir í sama flokk og tæknifræðingar
- > Aukning viðburða á norðurlandi
- > Betri heimasíða sem svarar umsóknum... Núverandi fyrirkomulag er alls ekki að virka
- > Betri styrktarsjóður
- > Bæta kjör vegna fæðingarorlofs
- > Bættum möguleikum landsbyggðarinnar til að nota þjónustu félagsins.
- > Efla sýnileika og virðingu stéttarinnar
- > Endurmenntun
- > Endurmenntun
- > Engu, félagið á eingöngu að sjá um að standa vörð um menntun og hæfniskröfur verkfræðinga á Íslandi - hvorki meira né minna.
- > Ég hef seð um mín mál sjálfur.
- > Fleiri orlofseignir
- > Gera viðburði aðgengilega landsbyggðarfólki (t.D. Útvarpa samlokufundum á vefsíðu/facebook)
- > Hagsmuni félaga. Lánakjör, orlof
- > Hagsmunum félagsmanna
- > Halda áhugaverð námskeið/fyrirlestra
- > Heilsutengdum tilboðum
- > Hugbúnað
- > Hvernig endurvinnum við plastið?
- > Höfða betur til yngri kynslóðarinnar/unglinga
- > Íslensku í tæknihverfi
- > Jafnrétti almennt, jafnir möguleikar fyrir bæði kyn á stjórnunarstöðum, jöfn laun, jöfn þáttaka í fæðingarorlofi og barnauppeldi
- > Jöfnun á kjörum kynjanna
- > Koma á umræðu um hegðun opinbera stofnana í brenglun og brotum á t.d. 1st 30
- > Kynning, auka áhuga unga fólksins
- > Kynningu á tæknifræði/verkfræði. Eflingu tæknimenntunar á yngri stigum. Þátttaka / leiða verkefni með það að markmiði að efla tækniþekkingu. Aukið í námsskrám grunnskóla. Vera leiðandi í þjóðfélagsumræðunni í tæknimálum.
- > Kynningu á tæknimenntun til barna og unglunga
- > Málþing um orkumál á Íslandi
- > Samtali um framfaramál sem tengjast starfi verkfræðinga og þróun
- > Starfsendurmenntun og starfamiðlun
- > Stytttri vinnutímaog fjölskylduvænni, frídagar um helgar t.d. jóla flytist á næsta virka dag.
- > Stytttri vinnuviku
- > Stækka ekki umsvif sín um of
- > Sýnileika og ábyrgri nálgun verkefna
- > Tækni og hugverkaiðnaði
- > Upplýst umræða í fjölmiðlum
- > Vandaðir stjórnarhættir
- > Verndun verkfræðigreinarinnar
- > Öllu að ofan

- > A) meiri sýnileiki, b) draga umræðu áfram og auka við upplýsingagjöf vegna kjaramála
- > Að félagið standi sig betur við gerð kjarasamninga.
- > Að hafa skilyrði um lágmarkstaxta sem verkfræðingar mega selja sig á
- > Aðgreina tæknifræðinga frá félaginu og koma verkfræði aftur á þann stall sem hún á heima
- > Aukin aðstoð vegna kjaramála
- > Aukin ahersla a ábyrgð verkfræðinga
- > Berjast fyrir hækkun launa.
- > Betri kjarasamninga
- > Betri kjör
- > Byggja upp tengslanet verkfræðinga
- > Bæta kjör stéttarinnar sem er búin að dragast mjög aftur úr öðrum launahópum. Skoðið bara hækun á launavisutölunni aftur í tímann
- > Bæta kjör vegna orlofsbústaða, bæta kjör vegna fæðingarorlofs
- > Bætt kjör
- > Dragast ekki aftur í kjaramálum
- > Endur- og símenntun á sviði vélaverkfræði
- > Endur- og símenntun, auka áhuga yngri kynslóða á raungreinum, auka áhuga kvenna á raungreinum og aukin upplýsingagjöf um kjaramál.
- > Geta horft í augu barnarna
- > Gæta að jafnrétti
- > Halda uppi launum stéttarinnar
- > Hef ekki notað þjónustu VFÍ mikið
- > Hefja þarf virðingu verk- og tæknifræðinga upp að nýju. Þetta er að verða láglaunastétt. Útseld vinna verkfræðings er einungis 55% af útseldri vinnu lögfræðings.
- > Heilsutengd málefni
- > Horfa til allra verkfræðigreina
- > Hraðari svörun fyrirspurna
- > Hvað geriri félagið fyrir sitt fólk
- > Hvað með hugbúnaðarverkfræðingana?
- > Hækka laun, finnst þessi stétt hafa setið á hakanum miða við aðrar í þjóðfélaginu. Þessi stétt hefur aðeins fengið lögbundnar hækkanir undanfarin ár en ekkert um fram það.
- > Hærri laun
- > Íslelnska í tækniuverfi
- > Jafna kynjahlutföllin í verkfræðinni og finna leiðir til að auka áhuga stelpna á verkfræði
- > Kinna félagið fyrir ný útskrifiðum nemendum í raungreinum
- > Kjarabarátta
- > Kjaramál
- > Kjaramál
- > Kjarasamningar
- > Kynna fyrir félagsmönnum fyrir hvað félagið stendur, hver hagurinn við að ganga í félagið sé
- > Launamál
- > Lobbýismi
- > Markviss ráðgjöf varðandi starfsþróun
- > Meiri áhrsla á faglega ábyrgð stéttarinnar, verkfræðingar taki ekki þátt í að hanna eða framkvæma verkefni sem ekki eru faglega eða siðferðilega forsvaranleg. T.d. að hanna of mjóa vegi, og þröng jarðgöng o.s.frv.
- > Mér finnst öll þessi atriði skipta máli og erfitt að greina milli þeirra
- > Muna eftir iðnverkfræðingum t.f. þeim sem eru í ferla, gæða og umbótastarfi, ekki bara þeim sem eru að reikna burðarþol

- > Námskeið um kjaramál
- > Niður með [fjarlægt]
- > Nota samfélagsmiðla meira, t.d. Facebook events
- > Orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðið.
- > Orlofsmál
- > Reka [Nafn starfsmann fjarlægt]
- > Selja sumarhúsin
- > Semja um kjaramál félagsmanna við stóra vinnustaði t.d. flugfélög
- > Stórauka sýnileika verkfrðinga og hvetja til opinberrar þáttöku í umræðum um til mótvægis við framsetningu landverndar
- > Stuðningssjóðir til félagsmanna
- > Styrkja ýmissa endurmenntun óháð því hvort vinnuveitandi borgi í þar til gerðan sjóð
- > Stöðga og útrýma flíspeysuvæðingu verk- og tækniþræðinga
- > Sýnileiki verkfræðinga i þjóðfélaginu, víða að finna
- > Taka þátt í eða styðja faglegt vísindastarf innan geirans
- > Tryggi sérstöðu verkfræðiheitis
- > Umhverfismál
- > Veita félagsmönnum stuðning ef þörf er á
- > Vera meira sýnilegt í kjarabaráttu
- > Vinna að bættari kjörum tæknimanna (samanborið við aðra - t.a.m. lögfræðinga)

- > Erlendis
- > Erlent
- > Félag í eigu ríkis
- > Félagasamtök
- > Fyrirtæki í eigu ríkis
- > Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga.
- > Fyrirtæki í eigu sveitarfélags
- > Fyrirtæki í opinberri eigu [*2]
- > Hagsmunasamtök
- > Hálf opinbert
- > Hálfopinbert og einnig eigin rekstur
- > Háskóli
- > Isavia
- > Lífeyrissjóður [*3]
- > Menntastofnun
- > Ohf. [*13]
- > Opinber aðili
- > Opinber sjálfseignastofnun
- > Opinber veita
- > Opinbert fyrirtæki
- > Opinbert hlutafélag
- > Opinbert orkufyrirtæki
- > Orkufyrirtæki [*4]
- > Orkugeiran
- > Orkuveitan/gagnaveitunni
- > Raforkufyrirtækin
- > Sjálfseignarstofnun [*2]
- > Sjávarútvegur H.F
- > Stéttarfélag
- > Varnarliðið
- > Veitufyrirtæki
- > Veitustofnun
- > Vinn í noregi

Takk fyrir!

